



STUÐLABERG
FASTEIGNASALA

Hafnargata 20, Reykjanesbæ
www.studlaberg.is
s. 420-4000



VÍKURFRÉTTIR

MIDVIKUDAGUR 10. APRÍL 2024 // 15. TBL. // 45. ÁRG.



■ Grindavíkurbær fagnar 50 ára kaupstaðarafmæli

Lágstemmd hátíðarhöld í skugga náttúruhamfara

„Það eru allir að gera sitt besta en það er óvissan sem hefur verið okkar verst í óvinur, að vita ekkert hvað framtíðin ber í skauti sér. Við erum að halda í horfinu, það er ánægjulegt að atvinnustarfsemi sé hafin og einhverjir Grindvíkingar eru nú þegar búsettir heima og aðrir stefna þangað. Ég get ekki annað en verið ánægður með það en Grindvíkingar verða að haga sínum málum á eigin forsendum, gæta alls öryggis og fylgja því sem almannavarnir og yfirvöld segja,“ segir Fannar Jónasson, bæjarstjóri Grindavíkur í viðtali við Víkurfréttir, í tilefni af 50 ára kaupstaðarafmæli Grindavíkurbæjar. Hátíðarhöldin eru lágstemmd og haldin í skugga náttúruhamfara.



Það er leyfilegt að gista í Grindavík en lögreglustjórinn á Suðurnesjum mælir ekki með því eins og nú er ástatt og hann varar við jarðsprungum í bænum. „Okkur ber að vinna þessi mál með yfirvöldum og ég vil meina að það hafi gengið vel til þessa. Auðvitað vill meirihluti bæjarbúa flytja heim þegar fram líða stundir og bærinn telst öruggur til búsetu og þá mun bæj-

arstjórn Grindavíkur ekki láta sitt eftir liggja. Unnið hefur verið að viðgerðum á innviðum. Þegar búið verður að kortleggja sprungur og ráðist verður í að laga þær, varanlega eða til bráðabirgða og yfirvöld gefa út að öruggt sé að búa í Grindavík, skólar og leikskólar lagaðir, þá ættu smám saman að skapast forsendur fyrir því að við flytjum heim. Þetta verður hver

og einn að fá að ákveða fyrir sig og sína fjölskyldu, við verðum að sýna þeim sem treysta sér ekki til að flytja strax eða hugsanlega aldrei aftur til Grindavíkur, skilning. Allar tilfinningar og skoðanir eiga rétt á sér. Sömuleiðis ber að fagna

því að sumir séu nú þegar fluttir heim eða séu á leiðinni, þar með eru ljósin kveikt og frábært hve atvinnulífið hefur tekið vel við sér,“ sagði Fannar sem er í lengra viðtali á bls. 10.

VF-mynd: Ísak Finnbogason

Gummi Kalli sækist eftir biskupskjöri

Guðmundur Karl Brynjarsson sækist eftir kjöri í embætti biskups Íslands en biskupskjör hefst 11. apríl og því lýkur 16. apríl.

Gummi Kalli, eins og hann er alltaf kallaður, er Keflvíkingur sem ólst m.a. upp í Holtunum í Keflavík. Hann hlustaði á pönktónlist, féll ítrekað á mætingu í Fjölbrotaskóla Suðurnesja og segir í samtali við Víkurfréttir að um tíma hafi hann verið afhuga kristinni trú. Útsendarar Víkurfréttanna hittu Gumma Kalla í Keflavík á dögunum. Hann er í viðtali í blaði vikunnar en ítarlegt viðtal er í þættinum Suður með sjó sem verður aðgengilegur á vf.is á föstudag. Þátturinn verður einnig aðgengilegur sem hlaðvarp á helstu hlaðvarpsveitum.



Keflvíkingurinn Guðmundur Karl Brynjarsson er í kjöri til embættis biskups Íslands.

Barnadagar

11.–21. apríl

nettó

20% appsláttur af ótal barnavörum

Um 200 Grindvíkingar í Vogum og komið að þolmörkum

■ Tíundi hver nemandi í Stóru-Vogaskóla úr Grindavík. ■ Aðgerðarleysi stjórnvalda.

Tæplega 200 íbúar eru nú með skráð aðsetur í sveitarfélaginu Vogum en lögheimili í Grindavík eða sem nemur rúmlega 10% íbúa í sveitarfélaginu. „Þó allt kapp hafi verið lagt á að mæta þörfum þessa hóps er nú komið þolmörkum, enda hafa stjórnvöld ekki veitt Vogum eða öðrum þeim sveitarfélögum sem hafa borið mestan þunga af þessu verkefni neinn stuðning í verki,“ segir í bókun bæjrráðs Voga en um 10% nemenda Stóru-Vogaskóla eru með skráð lögheimili í Grindavík.

Bæjarráð Voga lýsir yfir vonbrigðum með afgreiðslu ráðgjafanefndar og kallar eftir skýrum svörum frá Innviðaráðherra um hvernig stjórnvöld ætli að standa að fjármögnun þjónustu við þá íbúa sem eru með skráð aðsetur utan síns lögheimilissveitarfélags.



Gunnar Axel Axelsson, bæjarstjóri í Vogum segir Vogamenn upplifa stjórnleysi gagnvart málinu. „Ég veit ekki hvað er eiginlega

að gerast í þessum málum en við upplifum ákveðið stjórnleysi af hálfu ríkisins. Ég veit ekki hvort það er vegna þess að það sé ekki samstaða innan ríkissjórnarinnar eða hreinlega ákvarðanafælni en niðurstaðan er allavega sú að málefni íbúa Grindavíkur virðast ekki fá forgang í kerfinu. Það er eins og stjórnvöld hafi bara ekki lengur út-

hald til að fylgja verkefninu eftir og telji að nú þegar búið sé að samþykkja uppkaup á fasteignum Grindvíkinga þá sé verkefninu lokið. Það er auðvitað fjarri lagi og það þarf að fylgja þessu verkefni eftir með sómasamlegum hætti. Þetta plan sem unnið er eftir, eða öllu heldur skortur á plani, er ekki að ganga upp.

Það er ekki hægt að ætlast til þess að hin sveitarfélögin á Suðurnesjum og þar með íbúar þeirra taki þetta verkefni í fangið, enda á þetta að vera verkefni alls samfélagsins og þar á ríkið að halda í taumana og tryggja að íbúar Grindavíkur njóti eðlilegra réttinda og hafi rétt til sömu grunnþjónustu og aðrir íbúar þessa lands. Eins og staðan er núna þá virðist bara ekkert vera að gerast í þessum málum í stjórnkerfinu og aðilar benda hver á annan.

Ég hef varað við því að ef þetta aðgerðarleysi vari mikið lengur þá

gæti það komið mjög harkalega niður á þeim sem síst skildi, þ.e. því fólki sem hefur þurft að yfirgefa heimili sín í Grindavík. Þó allir séu af vilja gerðir og við í Vogum höfum svo sannarlega gert allt sem við getum til að taka vel á móti nágrennum okkar og ekki síst börnunum sem hafa komið í skólana okkar, þá nýtur þessi hópur í raun engra lögbundinna réttinda og það er bara tímaspursmál hvenær við neyðumst til þess að setja skorður á veitingu þjónustu til þessa hóps, enda getum við ekki gert meira heldur en fjárhagur okkar leyfir.

Nú verða stjórnvöld einfaldlega að hrista sig aftur í gang og halda áfram með verkefnið, enda er því alls ekki lokið. Ég hef nefnt það við okkar æðstu ráðamenn og varað við því að ef það verði mikið meiri dráttur á því að stjórnvöld taki á þessum málum þá sé raunveruleg hættu á því að gjá myndist milli íbúa og ofan á allt annað geti íbúar Grindavíkur upplifað neikvæðni í sinn garð. Það væri ömurleg



Sveitarfélagið Vogar. VF/Hilmar Bragi

niðurstaða fyrir alla og við viljum að sjálfsögðu gera allt sem í okkar valdi stendur til að fyrirbyggja að það ástand skapist.

Í sveitarfélögum sem mörg hver búa við mjög veika tekjustofna og hafa jafnvel þurft að skerða þjónustu af þeim sökum er hinsvegar ekki hægt að ætlast til þess að íbúarnir sýni því endalausán skilning að takmörkuðum tekjum sveitarfélagsins sé varið til verkefna sem það er ekki bundið af lögum að sinna.“

Í bókun bæjrráðs kallar það eftir skýrum og tafarlausum svörum frá ráðherra sveitarstjórnarmála um hvernig ríkissjóður hyggst styðja við sveitarfélagið og önnur sveitarfélög í sambærilegri stöðu, m.a. hvað snertir lausnir í húsnæðismálum leik- og grunnskóla, sem og að það tekjutap sem sveitarfélagið hefur orðið fyrir og horfir fram á vegna óvissu um fyrirkomulag lögheimilisskráningar þessa hóps verði bætt með viðunandi hætti.



Grænabyggð, nýjasta hverfið í Vogum.



Frá undirritun samningsins: F.v.: Árni Gisli Árnason, staðgengill bæjarstjóra Suðurnesjabæjar, Kristján P. Ásmundsson, skólameistari Fjölbrautaskólans á Suðurnesjum, Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, og Gunnar Axel Axelsson, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Voga.

Verk- og starfsnámsaðstaða við FS stækkar um allt að 1.900 fermetra

Allt að 1.900 fermetra stækkun verk- og starfsnámsaðstöðu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja í Reykjanesbæ mun rísa á næstu árum samkvæmt samningi sem var undirritaður var síðasta laugardag milli mennta- og barnamálaráðuneytisins og sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Frumathugun á framkvæmdinni er í höndum Framkvæmdasýslu ríkisins en skoðað verður að áfanga skipta henni. Í fyrri áfanga verður

byggð allt að 1.400 fermetra viðbygging og í seinni áfanga verður byggð 500 fermetra bygging. Stofnkostnaður skiptist milli aðila og mun ríkissjóður greiða 60% en sveitarfélögin 40% samkvæmt samningi.

Stefnt er að því að byggja samtals 12.000 fermetra fyrir verk- og starfsnám um allt land auk nýrra höfuðstöðva Tækniskólans en Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, hefur sett stækkun slíkra skóla í forgang á kjörtímabilinu. Þetta er í samræmi við þá miklu og auknu aðsókn sem hefur verið í verk- og starfsnám á undanförunum árum. Samningurinn sem undirritaður var í Reykjanesbæ er liður í þeim áformum en með undirrituninni er staðfest samkomulag milli ríkis og sveitarfélaganna um fjármögnun verkefnisins og eru næstu skref, undirbúningur, hönnun og bygging.



TAKA HLUTA GRINDAVÍKUR

Fulltrúi Grindavíkurbæjar var ekki viðstaddur undirritunina. Grindavíkurbær mun ekki taka þátt í sameiginlegum kostnaði sveitarfélaganna við framkvæmdina. Sveitarfélögin óskuðu eftir því að ríkið tæki þann hluta að sér en það neitaði

því og munu hin sveitarfélögin, Reykjanesbær, Vogar og Suðurnesjabær, taka þann kostnað að sér en hann er reiknaður út frá stærð sveitarfélaganna.

Allt hreint
Umhverfissvottuð ræstingarþjónusta

HREINSUM
RIMLAGARDÍNUR OG
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

16 FERÐIR Á DAG
ALLTAF PLÁSS Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

ARGOFLUTNINGAR.IS

845 0900 **f** FINNDU OKKUR Á FACEBOOK


Glæsilegar nýjar íbúðir við Asparlaut í Reykjanesbæ



Opið hús nk. föstudag klukkan 12:30-13:00.

Til sölu glæsilegar íbúðir í lyftuhúsið við Asparlaut 24-26 í Reykjanesbæ í hinu vinsæla Hlíðarhverfi þar sem stutt er í alla helstu þjónusta og má þar nefna sundmiðstöð, fimleikahöll, Reykjaneshöll og íþróttahúsið við Sunnubraut, leikskóla, grunnskóla og Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Íbúðinar skilast fullbúnar án gólfefna. Stæði og eða bílskúr í bílageymslu með völdum íbúðum. Byggingaraðili er BYGG.

Stærð frá 125 fm. Verð frá 71,5 mkr.
Afhending júní-júlí 2024



STUÐLABERG
FASTEIGNASALA

Hafnargata 20, Reykjanesbæ

www.studlaberg.is

s. 420-4000 studlaberg@studlaberg.is



Gestir voru á öllum aldri og dagskráin fjölbreytt í Hljómahöll.



Frá afhendingu gjafarinnar á fundi Lionsklúbbsins í Eyjum. Mynd: Óskar Friðriksson

Lionsklúbbar söfnuðu tæpum átta milljónum til Grindvíkinga

Þrjátíu og fimm lionsklúbbar landsins færðu Lionsklúbbi Grindavíkur 7.750.000 króna að gjöf eftir söfnun sem Eyjamenn höfðu frumkvæði að.

Yfirskrift fjársöfnunarinnar var 42-240. Það var vísun í fjölda Lionsklúbba á landinu og pósthúsi Grindavíkur. 35 af 42 klúbbum landsins lögðu fjáröfluninni lið. Lionsklúbbur Vestmannaeyja fagnaði hálfri aldar afmæli síðasta föstudag og sló upp fagnaði af því tilefni. Upphæðin sem safnaðist í fjáröfluninni var afhent klúbbi Grindavíkur í hófinu.

TÓNLISTARSKÓLI REYKJANESBÆJAR

FIÐLA OG PÍANÓ Á TÓNLEIKUM Í BERGI

Tónlistarskóli Reykjaneshæjar stendur fyrir fiðlu- og píanótónleikum í Bergi, Hljómahöll, þriðjudaginn 16. apríl kl. 19:30.

Fram koma snillingarnir Joaquín Páll Palomares, fiðluleikari, og Sebastiano Brusco, píanóleikari, sem flytja verk eftir m.a. W.A. Mozart, F. Chopin og B. Bartók.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Gengið inn um inngang Tónlistarskólans.

Skólastjóri



Frída Dís og fleiri flottir tónlistarmenn tóku lagið á sviðinu í Stapa.

Fjöldmenn fagnaði tíu ára afmæli Hljómahallar

Fjöldi fólks sótti Hljómahöll heim á tíu ára afmælinu síðasta laugardag. Gestir nutu tónlistarflutnings þekkt tónlistarfólks eins og Bríetar, Friðriks Dórs, Fríðu Dísar og Páls Óskars. Þá var tónlistarfólk frá Tónlistarskóla Reykjaneshæjar á tveimur sviðum allan afmælisdaginn.

Sérstök dagskrá var fyrir börnin og boðið var upp á veitingar. Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri og formaður fyrstu stjórnar Hljómahallar flutti ávarp og rómaði afmælisbarnið.

Fjallað verður nánar um afmæli Hljómahallarinnar í Suðurnesjamagasíni á næstunni.



Meirihlutinn verður að axla ábyrgð vegna gervigrasvallar

S-listinn í Suðurnesjabæ harmar, í bókun sem lögð var fram á fundi bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar 3. apríl, að ákvörðun um staðsetningu á gervigrasvelli í sveitarfélaginu sé slegið á frest, eina ferðina enn.

„Meirihluti D-lista og B-lista verður að axla þá ábyrgð sem fylgir því að taka ákvörðun í þessu stóra hagsmunamáli fyrir íbúa Suðurnesjabæjar.

Bæjarfulltrúar eru lýðræðislega kjörnir af bæjarbúum til að taka upplýstar ákvarðanir um mál sem þessi. Sveitarfélagið

hefur í tvígang keypt út ráðgjöf frá verkfræðistofu til að greina staðsetningarkosti, kanna jarðveg grasvalla knattspyrnufélaganna og meta kostnað við hugsanlegar framkvæmdir. Gögnin liggja fyrir og nú er tímabært að taka tafarlausa ákvörðun í málinu,“ segir í bókuninni.

Í umræðum um íþróttamannvirki á síðasta fundi bæjarstjórnar var tekin fyrir samþykkt bæjarráðs frá 26. mars en samþykkti bæjarráð samhljóða að samráðsteymi um uppbyggingu- og viðhaldsáætlun íþróttamannvirka. Teyminu verði falið að vinna til-

lögu um staðsetningu gervigrasvallar og skili tillögu til bæjarráðs fyrir 20. maí 2024. Bæjarráð leggur áherslu á að knattspyrnufélögin taki fullan þátt og ábyrgð við vinnu að tillögu um staðsetningu vallarins. Jafnframt vinni samráðsteymið að framtíðarsýn um uppbyggingu íþróttamannvirka og í samstarfi við íþróttafélögin að framtíðarsýn um starfsemi þeirra.

Bæjarfulltrúar S-lista sátu hjá við afgreiðslu málsins. Málið samþykkt að öðru leyti með öllum greiddum atkvæðum.



innréttingar

Miðás ehf Egilsstöðum auglýsir laust starf

Starf á verkstæði

Trésmið, húsgagnasmið eða laghentan einstakling vantar á verkstæði fyrirtækisins á Egilsstöðum, sem fyrst. Eins er einstaklingum sem hug hafa á að komast á samning í húsgagnasmiði eða húsgagnasmiði bent á að hafa samband.

Um er að ræða fjölbreytt verkefni á verkstæðinu. Hentar jafnt konum sem körlum.

Upplýsingar veita Jón Hávarður í s: 470 1602 og Viggó í s: 470 1603.



VOGAR



SUÐURNESJABÆR



REYKJANESBÆR



Íbúafundir um sameiningarmál á Suðurnesjum

Verkefnishópur um óformlegar sameiningarviðræður Sveitarfélagsins Voga, Suðurnesjabæjar og Reykjanesbæjar boðar til íbúafunda í því skyni að eiga samráð við íbúa varðandi mögulegar sameiningarviðræður sveitarfélaganna, m.a. til þess að fá fram framtíðarsýn íbúa.

Sveitarfélagið Vogar

Mánudaginn 15. apríl kl: 20:00
í Tjarnarsal

Suðurnesjabær

Þriðjudaginn 16. apríl kl: 20:00
í Samkomuhúsinu í Sandgerði

Reykjanesbær

Miðvikudaginn 17. apríl kl: 20:00
í Stapa, Hljómahöll

Íbúar geta einnig tekið þátt í fundunum í gegnum fjarfundakerfi (Teams) en tenglar á fundina og frekari upplýsingar verða birtar á vefsvæðum og Facebook-síðum sveitarfélaganna.

ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



R Ú M Ö É R A L G U F R A F M
 U G S Y T S Ú R Ð Ó Æ Ú P É A
 M R K U R R F B S I P E H L R
 R Æ U É U K Ó G J K S E P A G
 O L S Ð Ö M V Á I N A Ú S G Æ
 T H R E A V Ú I M G G A H A S
 S A F O J N K R Ó F S L K R I
 G A L D K F G Ú J S J É J K R
 O R K U R K S A R Ó F I A I É
 R U T R U M S Ó M G Ð T S Ð A
 M S G G E L G A F Ú J E H O G
 U Ó S A H E H É F O S S T B Æ
 R M O N G Ö E A Ó N É R J R A
 T S E L L K A N E P A O É O B
 I G O L F V Ö L L U R F G V S

HLJÓMAHÖLL
 GORMUR
 ROKKSAFN
 MAGNAÐUR
 ÖGN
 RJÓÐ
 HÚSIÐ
 GARÐUR
 LOGI
 VORBOÐI

KURR
 MARGÆSIR
 FARFUGLAR
 MYRKVI
 FORSETI
 GOLFOVÖLLUR
 RJÓMI
 STORMUR
 FÉLAGAR
 SMURT

Gangi þér vel!

Rólegt vegna hrygningastopps

Núna er frekar rólegt yfir fiskveiðum hérna frá Suðurnesjunum, aðallega út af því að núna er hið svokallaða hrygningstopp í gangi. Hrygningstoppið nær til 16. apríl en þeir sem vilja veiða verða þá að fara út fyrir tólf mílurnar.

Meðan stoppið er þá eru neta-bátarnir sem eru í netarallinu einu bátarnir sem eru á veiðum innan bannsvæðis. Netarallið hefur verið við lýði hérna við landið í um 25 ár en það voru skipstjórar frá Suðurnesjum sem vildu á sínum tíma að netarall væri líka notað til mælingar á þorsstofninum en fram að þeim tíma þá var einungis miðað við togararallið.

Núna í ár eru eftirfarandi bátar í rallinu: Leifur EA er með allt Norðurlandið, Magnús SH er með Breiðarfjörðinn, Saxhamar SH er með Faxaflóann og að Reykjanesi, hann byrjaði að landa í Reykjavík en er núna kominn til Sandgerðis, Friðrik Sigurðsson ÁR, sem Hólmgrímur er búinn að vera með á leigu, er með út af Grindavík og að Skeiðarárdjúpi og fyrir austan er Sigurður Ólafsson SF.

Það verður áhugavert að sjá hvernig bátunum mun ganga, Friðrik Sigurðsson ÁR er núna kominn með 80 tonn í aðeins þremur róðrum og mest 37 tonn í einni löndun í rallinu og Saxhamar SH með 39 tonn í sex róðrum.



Visisbátarnir Páll Jónsson GK og Sighvatur GK komu báðir til Grindavíkur til löndunar núna snemma í apríl en þangað hafa þeir ekki komið síðan snemma í janúar á þessu ári, þeir hafa að mestu verið að landa í Hafnarfirði. Páll Jónsson GK kom með 84,2 tonn og Sighvatur GK kom með 115,2 tonn.

Frystitogarinn Tómas Þorvaldsson GK kom líka til Grindavíkur með ansi stóra löndun en 852 tonnum var landað úr skipinu og af þessum afla voru 244 tonn af þorski, 132 tonn af ufsa og 187 tonn af karfa. Sturla GK er búinn að koma tvisvar til Grindavíkur með 134 tonn.

Sóley Sigurjóns GK er fyrir norðan á rækjunni og hefur landað 35,7 tonnum í einni löndun, af því var rækja 22,3 tonn.

Hjá dragnótabátunum er Siggí Bjarna GK kominn með 49 tonn í þremur róðrum og er þegar þetta er skrifað næstaflahæsti dragnótabáturinn í apríl. Bátur sem á sér nokkuð langa sögu á Suðurnesjum

AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson
 gisli@afllafrettir.is



er aflahæstur. Sá bátur heitir Ásdís ÍS og er kominn með 68 tonn í sex róðrum en þessi bátur hét áður Örn KE og skipstjóri á honum var Karl Ólafsson, sem í dag er með Maggý VE, en Maggý VE hefur landað 16 tonn í tveimur róðrum.

Aðalbjörg RE með 19 tonn í þremur róðrum, Benni Sæm GK 46 tonn í þremur og Sigurfari GK 45 tonn í þremur, allir í Sandgerði.

Þrír bátar eru á grásleppu héðan frá Suðurnesjum. Garpur RE er í Grindavík og kominn með 6,3 tonn í fjórum róðrum og af því þá er grásleppa 3,8 tonn, Guðrún GK er með 3,5 tonn í þremur og af því er grásleppa 3,1 tonn og Sunna Líf GK 4,5 tonn í fjórum róðrum og af því er grásleppa 4,1 tonn. Tveir síðastnefndu að landa í Sandgerði.

Húsfyllir á sagnastund um Jamestown á Garðskaga

Sagnastundir þeirra Bárðar Bragasonar og Harðar Gíslasonar, sem haldnar eru einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina í veitingahúsinu Röstinni á Garðskaga, hafa heldur betur slegið í gegn. Húsfyllir hefur verið á hverjum viðburðinum eftir öðrum. Röstin var þéttsetin síðasta laugardag þegar Helga Margrét Guðmundsdóttir kynnti áhugafélag um Jamestown-strandið og þá vinnu sem félagið stendur fyrir. Myndir: Tómas Knútsson



SUÐURNESJA
VF **magasín**

Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín?
 Sendu okkur línu á vf@vf.is

Bíla viðgerðir
Smurpjónusta
Varahlutir

BÍLAR & PARTAR

Brekkustíg 38 - 260 Njarðvík
sími 421 7979
 www.bilarogpartar.is

Rétturinn

Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið:
11-13:30
 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is // f

Áhugaverð störf í Sandgerðisskóla

Nánari upplýsingar á heimasíðu sveitarfélagsins.

SUBURNESJABÆR



Leikskólastjóri

Sveitarfélagið Vogar óskar eftir því að ráða drífandi og jákvæðan einstakling í starf leikskólastjóra við Heilsuleikskólann Suðurvelli. Um fjölbreytt framtíðarstarf er að ræða sem krefst góðrar hæfni í mannlegum samskiptum og stjórnun.

Leitað er eftir drífandi, umbótadrifnum og skipulögðum einstaklingi sem hefur góða hæfni í mannlegum samskiptum og metnað fyrir að ná árangri í starfi. Nýr leikskólastjóri mun taka virkan þátt í undirbúningi að byggingu og rekstri nýs leikskóla í Vogum og áframhaldandi vinnu sem miðar að því að þróa áfram heildstæða þjónustu við börn og fjölskyldur þar sem velferð íbúa er ætíð höfð að leiðarljósi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi leikskólans
- Fagleg forysta á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Ábyrgð á að leikskólinn starfi samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og stefnumörkun sveitarfélagsins
- Ábyrgð á að rekstur leikskólans sé innan ramma fjárhagsáætlunar
- Umsjón með ráðningum starfsfólks, skipulagi vinnutíma og vinnu-tilhögun
- Þátttaka í stefnumörkun á sviði málaflokksins og innleiðing stefnu
- Þátttaka í samstarfi við aðila í skólasamfélagi sveitarfélagsins
- Samskipti og samstarf við foreldra
- Önnur verkefni samkvæmt starfslýsingu leikskólastjóra

Menntun og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun eða önnur sambærileg menntun og leyfisbréf kennara
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Reynsla af stjórnun skóla er æskileg
- Jákvæðni og góð færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, skipulagshæfni og leiðtogaþæfileikar
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Hreint sakavottorð



**SVEITARFÉLAGIÐ
VOGAR**

Heilsuleikskólinn Suðurvellir er 4 deilda leikskóli sem starfar eftir heilsustefnu og hefur hlotið formlega viðurkenningu sem heilsuleikskóli. Yfirmarkmið leikskólans er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á hollt mataræði, hreyfingu og listsköpun í leik og starfi.



**Sótt er um starfið
á hagvangur.is**

Nánari upplýsingar veitir Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is.

Umsóknnum skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar ásamt rökstuðningi fyrir hæfi til að sinna starfinu. Um framtíðarstarf er að ræða og eru laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Við hvetjum öll áhugasöm til að sækja um óháð uppruna, aldri eða kyni.

Umsóknarfrestur er til og með **22. apríl nk.**

„Amma sagði að kannski yrði ég einn daginn alvöru prestur“

GUMMI KALLI VILL VERÐA BISKUP ÍSLANDS

GUÐMUNDUR KARL BRYNJARSSON sækist eftir kjöri til embættis biskups Íslands en biskupskjör hefst 11. apríl og því lýkur 16. apríl. Gummi Kalli er Keflvíkingur og ólst upp í Holtunum í Keflavík. Hann hlustaði á pönktónlist, féll ítrekað á mætingu í Fjölbrotaskóla Suðurnesja og segir í samtali við Víkurfréttir að um tíma hafi hann verið afhuga kristinni trú. Á tvítugsafmælinu kom blað frá KFUM&K í Keflavík inn um lúguna á heimili hans. Gummi Kalli tók blaðið og grínaðist með innihald þess. Eitthvað hefur þó verið grunnt á gríninu því tæpu ári síðar var hann kominn á kaf í starf KFUM&K og orðinn leiðtogi í starfinu í Keflavík. Eftir námið í FS fór Gummi Kalli í biblíuskóla í Noregi í eitt ár. Þaðan var stefnan tekin á guðfræðinám í Háskóla Íslands. Eftir að hafa þjónað sem skólaprestur leysti hann af í Vestmannaeyjum, fékk sitt fyrsta brauð á Skagaströnd og hefur nú í rúma tvo áratugi verið sóknarprestur í Lindakirkju í Kópavogi. Víkurfréttir hittu Gumma Kalla í Keflavík um liðna helgi. Einnig verður rætt við hann í Suðurnesjamagasíni Víkurfréttanna síðar í vikunni og ítarlegra viðtal verður í þættinum Suður með sjó sem verður aðgengilegur á vf.is á föstudag, sem og á hlaðvarpsveitum.



Páll Ketilsson
pket@vf.is



Hilmar Bragi Bárðarson
hilmar@vf.is

Þekktur sem Gummi Kalli

Flest þekjja Guðmund Karl sem Gumma Kalla. Hann játar því og segir að fermingarbörnin hans í Lindakirkju kalli hann aldrei annað en Gumma Kalla. Það hefur verið þéttskipuð dagskrá hjá honum síðustu daga og vikur.

Hann hefur farið víða um land til að kynna sig og hvað hann stendur fyrir í framboði sínu til biskups. Útsendarar Víkurfréttanna hittu hann um nýliðna helgi í Keflavík, áður en Gummi Kalli hélt upp í enn eina kynningarferðina vestur á firði og á Snæfellsnesið.

Viðtalið við Gumma Kalla var varla hafið þegar farþegaflugvél af stærstu gerð tók á loft frá Keflavíkflugvelli og þotugnýr fékk alla athygli á vettvangi viðtalsins undir suðurgafli Keflavíkirkirkju.

„Flugvélahljóðin tilheyrðu alltaf í barnæskunni sem maður hætti svo alveg að taka eftir. Ég man eftir því þegar ég var í Fjölbrotaskóla Suðurnesja og það voru her-

æfingar. Sirrý Geirs var að kenna okkur ensku og það heyrðist ekki mannsins mál. Hún stoppaði bara því það voru þessar rosa-legu drunur í loftinu. Hún horfði út um gluggann með dreymandi augnaráði og sagði; Þeir eru alltaf að æfa sig blessaðir.“

Æskuminningarnar ekki alltaf sól og sunna

Fyrir okkur sem alin eru upp í Bítla- og herbænum var ósköp eðlilegt fyrir börn og aðra íbúa að herinn væri hérna.

„Það var ósköp eðlilegur samgangur við þetta fólk og okkur þótti ekkert að þessu. Bandaríkja-



menn leigðu hérna niðri í bæ og þarna voru krakkar sem maður kynntist.“

Gummi Kalli segir alltaf hjart yfir endurminningum sínum sem barn í Keflavík. En með æskuminningar allra, þá er ekki alltaf sól og sunna. „Ég átti tímabil þegar ég var sjö til átta ára og þá var verið að taka mig fyrir og það var bara útaf útlitiseinkennum. Ég er með styttri háls en gerist og gengur og fékk alveg að heyrja það. Ætli það hafi ekki eitthvað að gera með það hvernig ég er gerður að ég tók þau máli í eigin hendur. Á tímabili var ég alltaf að slást. Ég var umkringdur góðum vinum á alla kanta. Þetta útlitiseinkenni og það að ég var feitur sem krakki hefur bara verið til hliðar við mína sjálfsmynd.“

Þetta situr ekki í þér?

„Nei og ég hef aldrei séð mig þannig í spegli.“

Í dag myndi þetta kallast einelti.

„Já, að sjálfsgöðu og þetta var það. Þetta var reynsla sem mótaði mig með þeim hætti að ég hef alltaf átt erfitt með þegar fólk er sett niður og til hliðar. Ég átti mína kafla á unglingsaldri þar sem ég var mjög neikvæður út í lífið og tilveruna. Þá varð ýmist fólk fyrir barðinu á því.“

Hvers vegna varstu neikvæður?

„Ég fékk mjög gott uppeldi. Míni áhrifavaldir eru foreldrar mínir og systur og ekki síst amma mín og afi, Vilmundur Rögnvaldsson og Lára Guðmundsdóttir. Fyrstu sex uppvaxtarárin áttum við heima við hliðina á ömmu og afa. Þangað sótti ég mikið. Mér voru kenndar allar þessar helstu bænir og amma kenndi mér trúarjátninguna þegar ég var fjögurra eða fimm ára. Þúndur á dögum Pontíusar

Pílatúsar og allt það. Sem barn var djúpt á trúarstrenginn í mér. Ég tók þessu ekki sem þetta skipti einhverju máli. Þegar ég kemst á unglingsárin fer ég á mótþróaskið. Þetta er á þeim tíma sem íslenska pönkið er að ryðja sér til rúms. Maður hlustaði á allskonar anarkistabönd frá Bretlandi, þar sem var mikill frumkraftur og sprengikraftur, sem var jákvætt að mörgu leyti en það var samt minus fyrir framan svo margt í heiminum. Það var þannig sem maður fór að sjá svo margt í kringum sig. Ég hlustaði á breskt band sem hét Crash og þar var allt svo neikvætt gagnvart kristinni trú. Ég tók það svolítið inn og þoldi ekki Jesú. En svo er það svo ótrúlegt hvernig Guð vinnur. Ég man eftir að á tvítugsafmæli mínu var ég með krakka heima í boði og það kemur blað inn um lúguna frá KFUM&K í Keflavík. Ég tók blaðið úr lúgunni og byrjaði að taka eitthvað „stand-up“ á þetta og gera stólpagrin að því sem stóð þarna. Ekki ári síðar sé ég lífið öðrum augum og var orðinn mjög virkur í félagsskap KFUM&K og í raun treyst fyrir leiðtogahlutverki þar. Ég sé þetta sem langtíma vegferð en fólk í kringum mig fannst eins og ég hefði bilast. Útávið urðu þetta snögg umskipti. Þetta var búið að eiga langa vegferð. Ég fann það að ég var ekkert að ráða við neysluna. Ég drakk mikið og fíktaði í ýmsu öðru líka. Ég fann það að það var ekkert að ganga upp hjá mér. Eygló Geirdal, sú ágæta kona, var í heimsókn hjá mömmu einn morguninn. Við hjuggum á móti þeim í Baugholtinu. Ég heyri hana segja að hún sé enginn kirkjukona en á hverju kvöldi þakki hún Guði fyrir manninn sinn og börnin sín og fari yfir það sem þurfi að þakka fyrir. Ég hugsaði að þetta væri fallgett og ég ætti að byrja á þessu. Ég ákvað að gera þetta og þetta þakklætis

Staða ritara fyrir leikskólann Akur

Við í leikskólanum Akri auglýsum eftir ritara í 50% starf. Leitað er eftir metnaðarfullum einstaklingum sem býr yfir góðri tölvukunnáttu og góðum samskiptahæfileikum.

Leikskólinn Akur er sex kjarna leikskóli staðsettur á Tjarnabraut 1 í Reykjanesbæ þar sem unnið er eftir hugmyndafræði Hjallastefnunnar.

Við leitum að jákvæðum og lífsglöðum einstakling sem til er í að tileinka sér starfshætti Hjallastefnunnar af gleði og kærleika. Viðkomandi þarf að sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og hafa áhuga á jafnrétti og lýðræði í skólalastarfi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Annast öll almenn skrifstofu- og sérhæfð ritarastörf í skólanum.
- Símsvörun og upplýsingagjöf
- Pantanir og innkaup
- Umsjón heimasíðu
- Almenn skjalavarsla
- Umsjón með skráningum á námskeið og fræðslu
- Tekur við fjarvistarstilkynningum
- Utanumhald á nemenda- og starfsfólksskrá
- Ýmis verkefni í samráði við stjórnendur

Menntunar- og hæfniskröfur

- Góð íslenskukunnátta í töluðu og rituðu máli skilyrði
- Reynsla af ritarastörfum í skóla æskileg.
- Faglegur metnaður, þjónustulipurð og góð færni í mannlegum samskiptum.
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð sem og frumkvæði í starfi
- Góð tölvukunnátta
- Þekking á tölvukerfum Mentor, Karellen og Völu er æskileg

Fríðindi í starfi

- Sveigjanlegur vinnutími
- Fæði á meðan á vinnu stendur

Leitað er eftir ritara sem getur hafið störf 1. ágúst með möguleika á að hefja störf fyrir.

Umsóknir skulu innihalda starfsferilskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið.

Leikskólakennari, kennari eða þroskaþjálfari

Við á Akri erum tilbúin að bjóða velkomna í okkar öfluga hóp metnaðarfulla einstaklinga með uppeldismentun.

Góð íslenskukunnátta er skilyrði ásamt lipurð og sveigjanleika í samskiptum. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður og sýna frumkvæði í starfi, vera reiðubúinn að tileinka sér hugmyndafræði og starfshætti Hjallastefnunnar, vera með jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum að leiðarljósi. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 7. ágúst 2024.

Allar nánari upplýsingar um störfin veitir Sigrún Gyða Matthíasdóttir, leikskólalastjóri á Akri, í síma 4218310 eða í gegnum tölvupóst skólans akur@hjalli.is





”

„Ég fékk mjög gott uppeldi. Mínir áhrifavaldar eru foreldrar mínir og systur og ekki síst amma mín og afi, Vilmundur Rögnvaldsson og Lára Guðmundsdóttir. Fyrstu sex uppvaxtarárin áttum við heima við hliðina á ömmu og afa. Þangað sótti ég mikið. Mér voru kenndar allar þessar helstu bænir og amma kenndi mér trúarjátninguna þegar ég var fjögurra eða fimm ára. Þindur á dögum Pontíusar Pílatúsar og allt það.

hugarfar breytti hjarta mínu og sýninni á lífið. Smám saman var gardínan dregin frá þessum Jesú og eftir að ég kynntist honum byrjaði ég að sjá lífið í litum og þrívídd.“

„Þú verður að ganga menntaveginum“

Aðspurður um námsárin í Fjölbautaskóla Suðurnesja segir Gummi Kalli að þau hafi aðallega farið í einhvern leik og hann hafi oft fallið á mætingu. Hann rifjar upp að móðir hans hafi komið með kassa til hans með gömlum gögnum frá þessum árum og þar hafi verið einkunnaspjald sem sýndi tólf eða fjórtán einingar í mínus fyrir lélega mætingu. Þar hafi heil önn farið í vaskinn. Hann segir að það hafi verið fast í foreldrum hans og það hafi fylgt honum frá barnsaldri að lækni hafi sagt að Gummi Kalli mætti ekki vinna erfiðisvinnu.

„Þú verður að ganga menntaveginum,“ var sagt. Gummi Kalli segir að foreldrar hafi lagt hart að honum að halda áfram í námi og þegar ljósið hafi kviknað var fjölbraut kláruð á stuttum tíma. Hann hafi útskrifast um jólnin 1988 og þá átt nokkra mánuði í að verða 23 ára. „Þá var stefnan tekin til Noregs þar sem ég var eitt ár í biblíuskóla í Osló en tíminn í FS var alveg geggjáður og ég sé ekki eftir honum, þó svo ég vilji ekki endurtaka margt af því sem ég gerði.“

Hjálmar Árnason Herra Hnetusmjör síns tíma

Gummi Kalli segist líta á unglingsárin sem áhugaverðan tíma. Þegar hann var í Gagnfræðaskóla Keflavíkur, sem heitir Holtaskóli í dag, hafi Hjálmar Árnason komið þangað að kenna. Hjálmar var með vinsæla unglingsbætti í útvarpi ásamt Guðmundi Árna Stefánssyni og Gummi Kalli segir að þetta hafi verið fyrir unglinga þá eins og að fá Herra Hnetusmjör til að kenna sér. „Maður fékk alveg stjörnur í augum.“ Gummi Kalli segir að Hjálmar hafi séð út nemendur sem voru ritfærir og Hjálmar í félagi við Ingvar Guðmundsson enskukennara hafi tekið að sér að sjá um skóla- blaðið Stakk. Þeir vildu kalla til ungmenni sem þeir héldu að gæti haldið utan um blaðið. Gummi Kalli rifjar upp að þarna hafi verið Jón Ben, Einar Falur Ingólfsson, Atli Einarsson heitinn, Kristinn Þór Pálsson, Garðar Vilhjálmsson og Ragnar Sævarsson í ritnefndinni. „Við fengum ritstjórnarskrifstofu og allt í einu varð Stakkur stórveldi. Það var blað mánaðarlega fyrsta veturinn og það var aldrei undir 32 síðum. Við söfnuðum auglýsingum og það voru myljandi tekjur. Seinna árið sem við vorum í útgáfunni keyptum við í félagi við skólann nýja ljósritunarvél. Stakkur var ljósritaður uppi á kennarastofu. Þar gengum við hring eftir hring um borðið og röðuðum blaðinu saman. Þetta var ótrúlega mótandi tími og skemmtilegur. Þarna fengum við traust.“

Purrkur Pillnikk með mesta hlustun í spilaranum

Eftir árin í Fjölbautaskóla Suðurnesja segist Gummi Kalli hafa verið orðinn mjög trúður og hann hafi viljað fræðast meira um trúna. Því hafi hann ákveðið að fara í biblíuskólann í Osló, þar sem hann hafi verið í eitt ár. Hann hafi fyrst ætlað að fara á venjulega biblíulínu en þegar út var komið hafi hann áttátt sig á því að einnig var í boði tónlistarlína. Þar hafi hann fengið til-sögn á gítar. Í þeknum hans var einnig starfandi kór og hann segir að hann hafi eftir tónlistarþáttinn í sér. Gummi Kalli var í nokkrum hljómsveitum í gamla daga, þónki og einnig ballhljómsveitum. „Það þroskaði tóneyrað að syngja í kór alla daga. Síðan þá hef ég verið mikið að semja allskonar tónlist og það hefðu kannski fáið trúað því að ég á fjögur sálmalög í nýju sálmalókinu, ný lög við gamla sálma. Í dag er ég alæta á tónlist,“ segir Gummi Kalli.

Hlustar þú ennþá á pönk?

„Já, já. Ég komst að því um daginn þegar ég fékk yfirlit um spilun mína síðasta árs að númer eitt hjá mér var Purrkur Pillnikk. Ég held að almennt sé það að tónlistin sem þú hlustar á á unglingsárunum fylgir þér alltaf.“

Fann fyrir köllun að fara í kristni-boð til Afríku

Gummi Kalli segist hafa fundið fyrir köllun að fara sem kristni-boði til Afríku sem ungur maður. Það hafi m.a. verið ástæða þess að hann fór í biblíuskólann í Osló, sem rekinn er af norska kristni-boðssambandinu. Hann segir þó að köllunin hafi ekki verið það skýr eftir árið í Noregi að hann ákvað að fara til Íslands og skrá sig í guðfræðideildina við Háskóla Íslands. Þá hefði hann möguleika á að starfa innan kirkjunnar hér og einnig að fara út sem kristni-boði.

„Þegar ég er á fyrsta vetrinum í guðfræðideildinni kynnist ég konunni minni, henni Kamillu Hildi Gísladóttur. Hún er fædd í Eþíópíu en foreldrar hennar voru þar kristni-boðar í samanlagt tíu ár í Konso. Hún er yngst af sex systkinum og öll systkini hennar hafa farið út sem kristni-boðar en okkar leið lá annað eftir að hún giftist Þjóðkirkjupresti,“ segir Gummi Kalli og hlær.

Gummi Kalli og Kamilla Hildur eiga þrjú börn sem eru frá tvítugu og upp í tuttugu og átta ára. Þá eru þau orðin tvöföld afi og amma, það eru komnar tvær litlar stelpur.

Fékk köllunarbréf að gerast skólaprestur

Þegar Gummi Kalli var að klára guðfræðinámið fékk hann bréf frá Kristilegu skólahreyfingunni sem er með kristilegt starf fyrir krakka á framhaldsskólaaldri. Köllunarbréfið hljóðaði upp á að verða skólaprestur á þeirra vegum. „Ég tók þeirri köllun og er vígður sem skólaprestur. Það er gaman að segja frá því að á vígsludaginn klappaði amma á öxlina á mér og óskaði til hamingju og sagði að kannski yrði ég einn daginn al-vöru prestur,“ segir Gummi Kalli kíminn.

Þegar hann sinnti skólapreststarfinu bauðst honum að leysa af þau séra Bjarna Karlsson og séra Jónu Hrönn Bolladóttur, sem þjónuðu þá í Vestmannaeyjum. Hann segir að þá hafi opnast ný vídd, að þjóna í venjulegum söfnuði. Hann segir að það hafi verið frábært að starfa fyrir skólahreyfinguna og KFUM&K, sem hann hafi haft mikið með að gera. Hann segir þó að hann hafi verið farinn að horfa á hlutverk skóla-prestsins sem verndaðan vinnustað og hann hafi viljað prófa sig með venjulegu fólki í venjulegu samfélagi og hvort hann myndi ekki fúnkera þar líka.

„Ég má samt til með að nefna eina stóra uppeldisstöð fyrir mig sem var Vatnaskógur en þar var ég starfandi í fimm sumur. Það er ofboðslega gaman að hitta orðið miðaldra menn sem eru að rifja upp það hafa verið hjá mér í Vatnaskógi,“ segir Gummi Kalli.

Sterkar taugar til Skagastrandar

Gummi Kalli var vígður sem skólaprestur í febrúar 1996 og var orðinn sóknarprestur á Skagaströnd 1998. Árið 2000 var hann kominn í Hjallakirkju en sækir svo um Lindakirkju árið 2002, sem er nýr söfnuður. Þar hefur hann verið síðan. „Árin á Skagaströnd voru okkur mikilvæg og Skagaströnd er staður sem ég ber sérstakar taugar til. Þarna var maður fljótur að kynnast fólki en samt, þó ég væri búinn að vera þar í þrjú ár var maður ennþá að átta sig á tengslum fólks. En samfélagið var ljúft og það var gott að búa þar.“

Gummi Kalli hefur verið sóknarprestur í Lindasókn frá 2002. Þegar hann sótti um brauðið var ekkert starf þar fyrir, söfnuðurinn nýr, og hann segir að það hafi verið spennandi að gera mótað starf þar sem enginn var fyrir og gæti sagt, við höfum alltaf haft þetta svona og svona.

Hugleiddi biskupskjör ekki neitt

Hvað kemur til að þú hefur áhuga á að verða biskup Íslands?

„Ég er alveg að segja satt. Ég hugleiddi þetta ekki neitt. Þetta kom fyrir hvatningu allskonar fólks og sérstaklega síðasta árið. Síðasta sumar var vígslubiskupskjör og mjög óvænt og án þess að ég sæktist eftir því eða neitt, þá var nafn mitt ofarlega á blaði. Ég hef verið að heyra í kollegum undanfarið að köllunin hafi vaxið frekar en hitt og ég tók þessa ákvörðun. Sem sóknarprestur í Lindakirkju þá hefur starfið þar verið sterkt og öflugt þar og frábært fólk í kringum mig. Við erum þrjú prestar þarna og sem sóknarprestur hef ég reynt að hafa augun opin fyrir hæfileikafólki sem vill gera vel fyrir kirkjuna. Við erum með eyrum opin fyrir frumlegum og skemmtilegum hugmyndum. Við látum bara vaða og sumt hefur virkað og annað ekki. Fyrir vikið fær fólk að blómstra í sínum hæfileikum án þess að ég hafi áhyggjur af því að einhver skyggi

á mig og mér finnst gaman að sjá starfið blómstra í kringum mig. Þannig myndi ég hugsa að ég myndi starfa sem biskup líka. Að virkja mannauðinn ennþá betur því það er svo margt sem býr í vígðum þjónum kirkjunnar og fólki í söfnuðunum sem þykir vænt um kirkjuna sína. Því miður hefur umræðan um Þjóðkirkjuna oft verið á neikvæðum nótum og þannig eru nú fréttir yfirleitt.“

Hvernig finnst þér staða Þjóðkirkjunnar vera í dag?

„Hún er sterk hjá fólkinu sem leitar til okkar. Það er fjöldi fólks sem treystir okkur fyrir börnunum sínum í barnstafinu og treystir okkur fyrir sínum dýpstu tilfinningum á erfiðum stundum lífsins og gleðistundum líka. Það er fólkið sem finnur og skynjar kirkjuna á mjög jákvæðan hátt en svo fáum við allt aðra mynd í fréttaflutningi. Það sem mig langar til að gera er að miðla réttri ásýnd kirkjunnar og við við sýnum okkar rétta andlit.“

Purfið þið að bæta ykkur í upplýsingagjöf?

„Já, og við þurfum ekki að bíða eftir því. Eins og þið eruð með ykkar fjölmiðil þá er þetta frekar einfalt. Ég hef sagt að eini staðurinn þar sem við öll erum á er í símanum. Þar erum við að miðla upplýsingum og þar er hinir hefðbundnu fjölmiðlar sem við erum alin upp við. Það er bara eitt dagblað eftir á prenti. Það er orðið eins og viltta vestrið hvernig þú miðlar upplýsingum. Þetta er andrúm sem kirkjan á að stíga inn í og taka sér sitt dagskrárvald og miðla sinni ásýnd til fólks og ekkert að bíða eftir því að þessir hefðbundnu fjölmiðlar nenni að tala við okkur. Þetta þarf ekki að kosta mikið. Ef við miðlum rétta efninu þá erum við alveg að ná augum og eyrum. Við eigum að fara á torgið í símanum okkar og ná fólki út úr þessari stafrænu eyðimörk og inn í lífandi samfélag.“

Stórkostlegt tækifæri

Gummi Kalli segir að með því að hafa farið fram í biskupskjöri hafi hann fengið stórkostlegt tækifæri upp í hendurnar. Góður vinur hafi sagt honum að gleyma ekki því verkefni að vera hann sjálfur og hafa gaman af þessu. „Ég er þakklátur og auðmjúkur fyrir þetta en ég er einarður og ofboðslega ákveðinn í að hafa gaman af þessu og hvernig sem allt fer þá er ég alveg viss um að ég lendi standandi.“

Nýtti ferðina til að gifta

Gummi Kalli nýtti ferðina til Reykjanesbæjar og gerði meira en að hitta Víkurfréttamenn. Eftir viðtalið fór hann á fund hjónaleysanna Fjólu Ósk Stefánsdóttur og Júlíusar Margeirs Steinþórssonar í Keflavík. Júlí og Gummi eru gamlir vinir og sá fyrrnefndi var búinn að nefna við hann fyrir nokkru síðan að gefa þau Fjólu saman næst þegar hann ætti ferð til Keflavíkur. Svo þegar leið Gumma lá suður með sjó var tilvalið að nýta ferðina og hann heyrði í Júlíu sem var búinn að ganga frá öllum málum til að athöfn gæti farið fram. Hann fór á heimili þeirra hjónaleysa sem hafa verið saman mjög lengi en aldrei náð að altarinu. Það var því tilvalið að fá Gumma sem gaf þau saman í látausri athöfn á heimili þeirra í Keflavík. Svo skemmtilega vildi til að þetta hitti á afmælisdag Steinþórs heitins, föður Júlíusar.



Gummi Kalli er m.a. alinn upp í Holtunum í Keflavík. Í bakgarðinum var spennandi leiksvæði og sparkvöllur. Göturarnar voru ómalbikaðar og börnin voru úti að leika alla daga fram á kvöld.



Ljósmynd af Grindavík sem tekin var áður en náttúruhamfarir riðu yfir bæinn.
VF/Jón Steinar Sæmundsson

Ekki mikil hátíðarhöld í tilefni af 50 ára afmæli Grindavíkur

„Við verðum að fara eftir því sem almannavarnir segja. Það er ekkert annað í boði en vera bjartsýnn. Það er alveg hægt að ímynda sér að eðlilegt líf geti hafist í Grindavík sem fyrst - ef bærinn verður metinn öruggur staður til að búa á og náttúruöflin haldi að sér höndum,“ segir Fannar Jónasson, bærarstjóri Grindavíkur en sveitarfélagið fagnar hálftrar aldar afmæli um þessar mundir.

VF GRINDAVÍK

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vt.is



Stórt afmæli Grindavíkurkaupstaðar ber upp þann dag sem lesendur geta gripið sitt Víkurfréttablað, miðvikudaginn 10. apríl. Lítið verður um hátíðarhöld þann daginn en stefnan hefur verið sett á veglega sjómannahelgi, þátttöku í Menningarnótt Reykjavíkur og ýmsa aðra viðburði en þó á öðrum stað en venja er.

Það leið ekki langur tími eftir fyrstu rýminguna úr Grindavík þar til bæjarskrifstofur Grindavíkur voru komnar með samastað, strax á sunnudeginum 12. nóvember var Fannar kominn í samband við Dag B. Eggertsson, borgarstjóra Reykjavíkur og á þriðjudeginum voru allar tölvur tengdar og hluti starfsfólks bæjarskrifstofunar tekinn til starfa. Í dag eru allir starfsmenn komnir í Tollhúsið við Tryggvagötu. Fannar fór yfir umskiptin og hvað sé framundan á 50 ára stórafmæli kaupstaðarréttinda Grindavíkur á miðvikudaginn.

„Það eru um þrjár vikur síðan við fórum endanlega úr Ráðhúsinu og við munum seint geta þakkað Reykjavíkurborg fyrir aðstoðina meðan á dvölinni stóð. Nú erum við með skrifstofur á fjórðu hæðinni í Tollhúsinu og þjónustumiðstöðin er áfram á þeirri þriðju og allir geta borðað saman í mótuneytinu sem er á annarri hæðinni. Það er ekki sjálfgefið að geta flutt í jafn gott húsnæði og Tollhúsið er svona fyrirvaralítið. Við erum mjög sátt með að stjórnsýslan skuli öll vera komin undir sama þak. Við vorum komin á fullt í undirbúningi fyrir 50 ára stórafmælið en forsendur breyttust heldur betur svo þetta afmæli verður því miður ekki eins og til var stofnað. Það hafði verið samþykkt myndarlegt framlag á fjárhagsáætlun bæjarins vegna þessa afmælis en veisluhöld verða að bíða betri tíma. Bærarstjórnin

mun halda óhefðbundinn en hátíðlegan bærarstjórnarfund á sjálfan afmælisdaginn, 10. apríl en engin venjuleg bærarstjórnarmál verða þá til umfjöllunar. Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands mun flytja ávarp og þar verða heiðraðir nokkrir Grindvíkingar sem hafa lagt bænnum öflugt lið síðastliðin ár og áratugi, ég get að sjálfsgöðu ekki uppljóstrað nöfnunum hér og nú. Kannski má segja að aðalhátiðarhöldin verði um Sjómannahelgina, forsvarsmenn Faxaflóahafna voru svo elskulegir að bjóða okkur að taka þátt í þeirra hátíðarhöldum og verður fróðlegt að sjá hvernig það verður. Eflaust er hægt að bjóða upp á einhver hefðbundin atriði frá okkar ástkæra Sjóara síkátá, t.d. skemmtisiglinguna en þetta er allt til skoðunar hjá sviðsstjóra frístunda- og menninga- sviðs, Eggerti Sólberg Jónssyni og öðru góðu fólki. Sjóarinn síkátí hefur auðvitað verið eitt af okkar flaggskipum og yrði gaman að geta haldið í einhverjar af þeim hefðum sem skapast hafa á þeim vettvangi.“

Óvissan versti óvinurinn

Fannar vakti athygli fyrir yfirvegum þegar þessir fordæmalausu atburðir áttu sér stað seint á síðasta ári.

„Það eru allir að gera sitt besta en það er óvissan sem hefur verið okkar versti óvinur, að vita ekkert hvað framtíðin ber í skauti sér. Við erum að halda í horfinu, það er ánægjulegt að atvinnustarfsemi sé hafin og einhverjir Grindvíkingar eru nú þegar búsettir heima og aðrir stefna þangað. Ég get ekki annað en verið ánægður með það en Grindvíkingar verða að haga sínum málum á eigin forsendum, gæta alls öryggis og fylgja því sem almannavarnir og yfirvöld segja. Það er leyfilegt að gista í Grindavík en lögreglustjórnin á Suðurnesjum mælir ekki með því eins og nú er ástatt. Í fréttatilkynningum lögreglustjórans er enn fremur varað við jarðsprungum í bænum. Okkur ber að vinna þessi mál með yfirvöldum og ég vil meina að það hafi gengið vel til þessa. Auðvitað vill

meirihluti bæjarbúa flytja heim þegar fram líða stundir og bærinn telst öruggur til búsetu og þá mun bærarstjórn Grindavíkur ekki láta sitt eftir liggja. Unnið hefur verið að viðgerðum á innviðum og þegar búið verður að kortleggja sprungur og ráðist verður í að laga þær, hvort sem það verði varanlegar viðgerðir eða til bráðabirgða, og yfirvöld gefa út að öruggt sé að búa í Grindavík, skólur og leikskólur lagaðir, þá ættu smám saman að skapast forsendur fyrir því að flytjum heim. Þetta verður hver og einn að fá að ákveða fyrir sig og sína fjölskyldu, við verðum að sýna þeim sem treysta sér ekki til að flytja strax eða hugsanlega aldrei aftur til Grindavíkur, skilning. Allar tilfinningar og skoðanir eiga rétt á sér. Sömuleiðis ber að fagna því að sumir séu nú þegar fluttir heim eða séu á leiðinni, þar með eru ljósir kveikt og frábært hve atvinnulífið hefur tekið vel við sér,“ sagði Fannar.

Um 600 beiðnir til Þórkötlu

Um 600 beiðnir um sölu á húseignum til Þórkötlu hafa borist til þessa en það leysir ekki allan vandann, aðalvandamálið hefur verið skortur á framboði á húsnæði til kaups.

„Við erum stöðugt að þrýsta á stjórnvöld að beita sér fyrir því að auka framboð á húsnæði, nú er uppkaupsferlið hafid en það eitt og sér mun ekki leysa húsnæðisvandann, það vantar meira húsnæði á markaðinn. Svo er það nú einu sinni þannig að hér gildir lögmál framboðs og eftirspurnar, þegar eftirspurnin er meiri en framboðið þá hækkar verðið. Það eru ekki góðar fréttir að Grindvíkingar þurfi að keppa hver við annan um kaup á sama húsinu og keyra þannig verðin upp. Ég vonast til að eitthvað fari að skýrast varðandi uppsetningu á innlendum eða innfluttum einingarhúsum sem hægt væri að reisa með tiltölulega litlum fyrirvara. Við höfum fundað stíft um þessi mál að undanförunu með fulltrúum ríkisvaldsins og vonandi rætist úr þeim málum, það er að ríkið stuðli að auknu framboði á húsnæði fyrir grindvískar fjölskyldur meðan ástandið er eins og raun ber vitni.

Margir hafa velt fyrir sér fyrirkomulaginu á uppkauptum fast-



”

„Okkur er ljóst að sveitarfélögin sem eru að taka á móti börnunum okkar eru að leggja á sig byrðar og það kosti fjármuni en vonandi skilja allir að það var ekki vilji Grindvíkinga að þurfa yfirgefa bæinn sinn, ég er ekki viss um að aðrir myndu vilja hafa sætaskipti við okkur í þessari stöðu ...“

eignafélagsins Þórkötlu á íbúðarhúsnæði í Grindavík t.d. hvort Grindvíkingurinn geti geymt búslóð sína eða hluta af henni í fyrrum húsnæði hans í Grindavík og jafnvel notað húsið eins og sumarhús.

Ég hef ekki fundið fyrir öðru en að forsvarsmenn Þórkötlu séu allir af vilja gerðir til að greiða götu fólks hvað þessar hugmyndir varðar, þeir hafa ekki frekar en aðrir staðið frammi fyrir öðru eins verkefni og því þurfi að vanda til verka. Vonandi fá þessi mál farsælur lyktilir.“

Hver á að borga?

Aðeins hefur borið á umræðu um hver eigi að borga fyrir þá þjónustu sem Grindvíkingar þurfa að sækja annað, t.d. varðandi skóla fyrir grunnskólabörn. 10% barna í grunnskóla í sveitarfélagi á Suðurnesjum eru Grindvíkingar en enginn er að borga útsvar sitt þangað - ennþá. Eins vakti athygli á dögnum þegar forsvarsfólk allra annarra bæjarfélaga á Suðurnesjunum nema Grindavíkur, mætti á hóf vegna stækkunar Fjölbautas-

skóla Suðurnesja. Grindavíkurbær var búinn að tilkynna að geta ekki staðið við sínar skuldbindingar í þessu verkefni og þá vaknar eðlileg spurning, hver á að taka hlut Grindavíkurbæjar á sig?

„Okkur er ljóst að sveitarfélögin sem eru að taka á móti börnunum okkar eru að leggja á sig byrðar og það kosti fjármuni en vonandi skilja allir að það var ekki vilji Grindvíkinga að þurfa yfirgefa bæinn sinn, ég er ekki viss um að aðrir myndu vilja hafa sætaskipti við okkur í þessari stöðu. Það á eftir að gera upp viðbótarkostnaðinn sem sveitarfélögin verða fyrir vegna skólalálds barna þetta skólaár og það er sérstakur ráðgjafi að vinna í þeim uppgjörsmálum með okkur. Við getum ekki stýrt því hvar Grindvíkingar eru með lögheimili sitt, við fögnum því auðvitað að fá útsvarstækjur og ekki veitir af enda ég get fullvissað alla um að það fer meira úr bæjar- sjóði en það sem inn í hann rennur um þessar mundir. Ég vil þó í því sambandi geta þess að Grindavíkurbær stóð fjárhagslega betur en langflestar bæjarfélög við upphaf atburðanna 10. nóvember og því er viðnámsþrótturinn töluverður. Við þessi uppkaupt Þórkötlu er samt viðbúið að ýmsir muni flytja lögheimili sitt smám saman í önnur sveitarfélög. Við höfum þurft að rifta samningum við fjölmarga aðila, meðal annars vegna þess að engar forsendur eru fyrir fullnustu á umsömdum verkefnum fyrr en starfsemi fyrirtækja eflist og íbúar flytja heim að nýju. Þetta á t.d. við um samning varðandi stækkun á verkmenntaaðstöðu Fjölbautas- skóla Suðurnesja. Bærarstjórn bókaði á fundi sínum að henni litist vel á verkefnið en í ljósi óvissu um rekstur sveitarfélagsins og íbúabróun þá geti Grindavíkurbær ekki tekið þátt í verkefni þess að svo stöddu. Ég vil nú kannski minnst á að Grindavíkurbær hefur heldur betur tekið þátt í uppbyggingu menntunar á Suðurnesjum, t.d. hjá Keili á Ásbrú. Þetta gerðum við til þess að standa með hinum sveitarfélögnum að endurreisn þeirrar menntastofnunar, þó að beinir hagsmunir hafi kannski ekki verið eins miklir og hjá sumum hinna. Ég vil taka fram að alls staðar hefur okkur verið vel tekið, öll sveitarfélög hafa verið boðin og búin að aðstoða okkur og fyrir það munum við seint geta fullþakkað. Nú horfum við bara björt til framtíðarinnar, það er ekkert annað í boði,“ sagði Fannar að lokum.



11.–24. APRÍL

BARNADAGAR Í KJÖRBÚÐINI

20% APPSLÁTTUR AF VÖLDUM BARNAVÖRUM



20%
APPSLÁTTUR



Sæktu appið og
byrjaðu að spara!

Afsláttur í formi inneignar í appinu

KJÖRBÚÐIN



Eyjamenn bjóða Grindvíkingum á tónleika í Salnum, Kópavogi

Eyjapíslarnir ógleymanlegu, Gísli Helgason og Eyjalög.

Laugardagskvöldið 20. apríl ætla valinkunnir Eyjamenn að bjóða Grindvíkingum á skemmtun sem ber yfirskriftina Eyjapíslarnir ógleymanlegu, Gísli Helgason og Eyjalög. Þessi skemmtidagskrá var frumflutt á Gosloka hátíðinni í fyrra og þar sem einkar vel tókst til og Grindvíkingar eru að ganga í gegnum svipaðar raunir og Eyjamenn árið 1973 fékk Föruneysi GH þá hugmynd að halda skemmtunina fyrir Grindvíkinga og fékk Kópavogsbæ með sér í lið, sem lánar Salinn endurgjaldslaut. Grindvíkingum er boðið en aðrir þurfa að greiða aðgangseyri og mun það fé sem safnast renna til Grindvíkinga.

Gísli er fæddur og uppalinn Vestmannaeyingur, er landsþekktur tónlistarmaður og líklega þekktastur fyrir blokkflautuleik sinn. Hann er mikið sjónskertur en hefur ekki látið það stoppa sig til þessa og er mjög fær að spila á blokkflautu, munnhórpu og önnur blásturshljóðfæri. Hann hefur samið urmul laga, þekktast er hugsanlega hið hugljúfa Kvöldsigling en um hvað snerust þessi Eyjapíslar á sínum tíma og hvers mega Grindvíkingar og aðrir vænta þann 20. apríl í Salnum?

„Fimmta febrúar 1973 var mikill örlagadagur í lífi okkar tvíbura, Arnþórs og mín. Magnús bæjarstjóri hringdi og spurði hvort við værum tilbúnir að koma fram í Eyjapísl. Ég varð harla gladdur og tók því vel og rúmri klukkustund síðar hringdi Stefán Jónsson, fréttamaður á RÚV, og sagði að frá og með morgundeginum ættum við að sjá um Eyjapísl og fór nánar út í það. Gerði okkur grein fyrir að það væri ekkert undanfæri, þetta væri borgaraleg skylda okkar. Við áttum að nota tvær klukkustundir á dag í vinnu við þættina. Staðreyndin varð sú að þetta var þrotlaus vinna.“

Eyjapíslarnir voru á hverjum degi fram til júní mánuðar, svo sex sinnum í viku og fór svo fækkandi.



Gísli Helgason.

Við höfðum alltaf símann við eyrað á nóttunni og það hringdu margir og helltu tilfinningum sínum yfir okkur. Ég var stundum miður mín eftir samtölin, var rétt 21 árs og vissi ekkert hvernig ég átti að höndla þetta. Þá voru móðir mín og Eygló móðursystir mín eins og klettur við hliðina á mér.

Eyjapíslarnir voru á dagskránni frá sjöunda febrúar 1973 til 25. mars 1974. Þarna voru lesnar ýmsar tilkynningar, fréttir, afmælskveðjur og birt viðtöl við fólk. Við reyndum að hafa yfirbragð þáttanna með eins léttu móti og við höfðum vit á.“

Tónlist og valin atriði

Á skemmtuninni eru sagðar sögur, spiluð brot úr Eyjapíslunum en tónlistin ræður samt ríkjum.

„Við köllum okkur Föruneysi GH, með mér eru Herdís Hallvarðsdóttir, eiginkona mín. Hún spilar á bassa, eins og hún gerði listavel með Grylunum á sínum tíma. Svo eru hjónin Sigurmundur G. Einarsson á gítar og Unnur Ólafsdóttir söngkona, Hafsteinn Guðfinnsson á gítar, Magnús R. Einarsson á gítar, söngvarinn Þórarinn Ólason og á húðir lemur kokkurinn Grímur Þór Gíslason. Við munum flytja lög eftir mig og önnur Eyjalög og lofa ég góðri skemmtun. Ég vil endilega sjá sem flesta Grindvíkinga, þeir eru hjartanlega boðnir velkomnir en þurfa að fara á tix.is til að nálgast sinn frímiða. Ég veit að margir Eyjamenn vilja mæta og þeir munu gláðir borga sex þúsund króna aðgangseyrinn því vita að allur ágóði mun renna til Grindvíkinga. Ég hlakka mikið til og lofa góðri skemmtun,“ sagði Gísli að lokum.



Vinir Hjómahallar

Viðburður verður haldinn í Rokksafninu þann 18. apríl næstkomandi kl. 20 þar sem fyrirhuguðum flutningi Bókasafns Reykjanesbæjar í Hjómahöllina verður mótmælt. Til máls munu taka Jakob Frímánn Magnússon, Bragi Valdímarr Skúlason og Páll Óskar Hjálmtýsson. Nemendur Tónlistarskóla Reykjanesbæjar flytja tónlist við hæfi og hljómsveitin Nostalgía kemur fram. Endilega bætið vinum við hópinn og tryggjum góða nætingu í Rokksafnið til sýna málefni stuðning.

„Við hvetjum bæjarstjórn Reykjanesbæjar til að falla frá ákvörðun sinni um að flytja Bókasafn Reykjanesbæjar í Hjómahöll og þrengja þannig að starfsemi Tónlistarskóla Reykjanesbæjar, Rokksafnsins og Hjómahallar,“ segir í tilkynningu frá viðburðarhöldurum.

Ingó Veðurguð heldur tónleika og segir sögur í Andrews Theater

Ingólfur Þórarinnsson, betur þekktur sem Ingó Veðurguð, verður með tónleika sem hann kallar „Söngur og sögur“ í Andrews Theater á Ásbrú þann 20. apríl næstkomandi. Á tónleikunum fer hann yfir tuttugu ára feril sinn sem tónlistarmaður og segir kemmtilegar sögur honum tengdum. Það hefur blásið svolítið um Veðurguðinn síðustu misseri en hann lætur mótvindinn ekki halda aftur af sér og segir tónleikana vera sína leið til að rísa upp eftir að hafa gengið í gegnum hluti sem honum finnst hafa verið ósanngjarnir. Víkurfréttir fengu Ingó til að segja við hverju fólk megi búast.

„Þetta er ný hugmynd sem ég fékk þegar ég fór að hugsa um að það eru tuttugu ár síðan ég byrjaði að spila með gítarinn og gefa út lög. Ég ákvað að það gæti verið gaman að blanda saman reynslunni og segja sögur, fyndnar sögur í kringum tónlistarbransann, hvernig lögin verða til og allt í kringum það.“

Ingó hefur haldið samskonar tónleika á Selfossi fyrir pakkfullu húsi, í Vestmannaeyjum, á Sauðárkróki og Blönduósi og hann segir tónleikana hafa fallið vel í kramið hjá fólkum því þeir séu eins og uppistand og tónleikar í bland við samtöl við fólk úti í salnum.

„Svo langaði mig að koma hingað því ég hef mjög oft spilað á Sudurnesjum en aldrei haldið alvöru tónleika hér. Ég var með tónleika í

Háskólabíói í fyrra og það var mjög margt fólk héðan sem mætti á þá.



Mengun frá eldstöðinni



Eldgosið við Sundhnúk norðan Grindavíkur hefur staðið á fjórðu viku með tilheyrandi röskun. Hraunrennsli hefur ekki ógnað innviðum síðustu sólarhringa en mengun frá eldstöðinni hefur verið töluverð. Mengunarinnar hefur helst orðið vart í Grindavík og Svartsengi, þar sem hún hefur stundum verið þannig að ekki hefur verið æskilegt að vera á svæðinu. Meðfylgjandi mynd var tekin á dögunum og sýnir vel mengunina sem stígur upp af eldfjallinu. VF/Hilmar Bragi

Á sama báti

Elínborg Sturludóttir

Andspænis ógnum náttúrunnar erum við mannfólkið afskaplega smá. Þegar við stöndum frammi fyrir erfiðleikum og áföllum reynir á þrautseigju okkur og styrk. Þá getur trúin verið það haldreipi sem við þörfumst til að komast í gegnum það sem að höndum ber.

Þjóðkirkjan er stór og sterk stofnun með tækifæri til að taka höndum saman við aðra aðila í samfélaginu til að vinna að góðum málum. Ég fullyrði að engin hreyfing í landinu býr að eins stórum og virkum hópi fólks í sínum röðum nema ef vera skyldi björgunarsveitirnar, sem við eigum svo margt að þakka. Þegar prestar á Reykjanesi kölluðu saman Grindvíkinga í Hallgrímskirkju eftir rýmingu bæjarins í nóvember lét forsætisráðherra þessa skoðun í ljósi og sagði: „Þetta getur enginn gert nema Þjóðkirkjan.“ Þetta ættum við kirkjunnar fólk að muna betur og taka til okkar.

Nú stendur biskupskjör fyrir dyrum og því vil ég nota þetta tækifæri að segja þér sem þetta les, í örstuttu máli frá þeirri sýn sem ég hef á hlutverk biskups Íslands.

Verði ég kjörin biskup Íslands, mun ég:

Hlúa að einingu og friði í lífi þjóðkirkjunnar, milli leikra og lærðra, höfuðborgar og dreifbýlis.

Styrkja stöðu safnaðanna með því að ganga eftir því að sóknargjaldalögin verði fest í sessi og fjárhagur safnaðanna verði þar með treystur.

Efla og standa vörð um vandaða stjórnsýslu og faglega leiðsögn með sanngjarnri og ábyrgri stjórnun.

Auka hlut fræðslu, kennslu og boðun á vegum kirkjunnar fyrir fólk á öllum aldri.

Móta frekar samskiptastefnu þjóðkirkjunnar og ydda áherslur og nálgun sem kemur boðskap kristinnar trúar á framfæri í fjölmenningsamfélagi dagsins.

Standa vörð um og efla kærleikspjónustu kirkjunnar í söfnuðum og Hjálparstarfi kirkjunnar.

Styðja við nýjungar, fjölbreytni og endurnýjun í helgihaldi kirkjunnar.

Ganga til góðs með prestum, próföstum, djáknum og öðru trúnaðarfólki þjóðkirkjunnar um allt land.

Tala til íslensku þjóðarinnar á stórum stundum og vera talsmaður kristinna lífsgilda í samfélagsumræðunni.

Þess vegna fannst mér spennandi að gera þetta hér og Andrews er líka eins og teiknað upp fyrir svona prógram.“

Veðurguðinn segir þessa dagsetningu, 20. apríl, hafa orðið fyrir valinu vegna þess að þá væri farið að vora. „Vonandi veðrið orðið gott og komin góð stemmning í bæinn.“

Lengri útgáfa viðtalsins birtist á vf.is



Biskup Íslands er fyrst og fremst trúarlegur leiðtogi, sem prédikar og leiðir bænalíf og kærleikspjónustu þess samfélags sem þjóðkirkjan er. Biskup á að uppörva vígða þjóna vítt og breitt um landið svo þeir geti boðað fagnaðarerindið og miðlað trúnni á þann hátt að samtíminn skilji.

Biskup þarf að bera gæfu til að eiga gott og uppbyggilegt samstarf við aðra leiðtoga þjóðkirkjunnar. Örugg boðun í trú og gleði, sát og samlyndi, með vandaðri stjórnun, verður mín nálgun.

Elínborg Sturludóttir er frá Snæfellsnesi og hefur þjónað sem prestur í Grundarfirði, Borgarfirði og nú við Dómkirkjuna í Reykjavík. Hún er í framboði til biskups Íslands, kjör fer fram 11. – 16. apríl nk. Sjá https://kirkjan.is

Heiðarleg og hreinskilin og hefur áhuga á dansi



FS-ingur vikunnar:
Nafn: Birgitta Fanney Bjarnadóttir.
Aldur: 17.
Námsbraut Raunvísindabraut.
Áhugamál: Dans og sofa.

Birgitta Fanney Bjarnadóttir er sautján ára og er úr Njarðvík. Birgitta er á raunvísindabraut í FS og hefur áhuga á dansi og að sofa. Framtíðarplön Birgittu er að mennta sig en óljóst í hverju.

Á hvaða braut ertu? Raunvísindabraut.

Hver er helsti kosturinn við FS? Námsmöguleikarnir og það er þægilegt að skólinn er hér á Suðurnesjum.

Hvaða FS-ingur er líklegur til að verða frægur og hvers vegna? Valur Axel, honum er að ganga vel í dansinum og er mjög hæfileikaríkur.

Skemmtileg saga úr FS? Ekki með neina í augnablikinu en nýnemavikan var ekkert eðlilega skemmtileg.

Hver er fyndnastur (fyndust) í skólanum? Halldóra Margrét Hünbogadóttir.

Hver eru helstu áhugamálin þín? Dans og sofa.

Hvað hræðistu mest? Eld og kakkalacka.

Hvert er uppáhaldslagið þitt? Sundress-ASAP Rocky.

Hver er þinn helsti kostur? Ég er heiðarleg og hreinskilin.

Hver er þinn helsti galli? Ég er mjög auðtrúa.

Hvaða forrit eru mest notuð í símanum þínum? Tiktok og instagram.

Hvaða eiginleiki finnst þér bestur í fari fólks? Heiðarleiki og kurteisi.

Hver er stefnan fyrir framtíðina? Mennta mig, veit samt ekki alveg í hverju. Allavega mennta mig í einhverju.

Ef þú ættir að lýsa sjálfum þér í einu orði hvaða orð væri það? Góðhjörtuð.



Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is

LAUSAR STÖÐUR Í STÓRU-VOGASKÓLA

Vegna ört stækkandi sveitarfélags og fjölgunar nemenda í Stóru-Vogaskóla, í Vogum við Vatnsleysuströnd, vantar okkur kennara og starfsfólk í eftirfarandi stöður:

- Umsjónarkennara á yngsta- og miðstig
- List- og verkgreinakennara
- Dönsku- og sérkennara
- Stuðningsfulltrúa
- Frístund (eftirskólaúrræði)
- Bókasafnskennara/bókasafnsfræðing (50%)

Stóru-Vogaskóli er 200 barna grunnskóli þar sem skólastarf er í senn metnaðarfullt og faglegt. Einkunnarorð skólans eru virðing, vinátta og velgengni sem endurspeglast í daglegu starfi í skólanum. Í skólanum er góður starfsandi og hefur skólinn á að skipa öflug og áhugasömu starfsfólki.

Skólinn er staðsettur í einstöku umhverfi í nálægð við fjölbreytta náttúru. Stóru-Vogaskóli er Grænfánaskóli.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf til kennslu skal fylgja umsókn
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði, sjálfstæði og faglegur metnaður
- Íslenskukunnátta á stigi C1 samkvæmt samevrópskum tungumálaramma
- Góð tölvukunnátta
- Færni í samvinnu og teymisvinnu
- Jákvæðni og sveigjanleiki í samskiptum
- Ábyrgð og stundvísir
- Áhugi á að starfa með börnum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara.

Umsóknum skal fylgja skrá yfir menntun og starfsferil, afrit af leyfisbréfi og kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið og upplýsingar um umsagnaraðila.

Umsóknarfrestur er til og með 19. apríl. Umsóknir skulu berast á netfangið hilmar@vogar.is

Nánari upplýsingar veitir Hilmar Egill Sveinbjörnsson skólastjóri í síma 440-6250.



VOGAR
– vinalegur bæir

VERKALÝÐSFÉLAG GRINDAVÍKUR, FRÆDLUSJÓÐIR & GERUMBETUR.IS

HÖFUM GLEÐINA MEÐ!

- Hugvekja
- Takið börnin með
- Pizzur
- Allir velkomnir!

🕒 MIÐVIKUDAGINN, 10. APRÍL
KLUKKAN: 18-19

📍 MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR Á SUÐURNESJUM (MSS),
KROSSMÓA 4, REYKJANESBÆ



VERKALÝÐSFÉLAG GRINDAVÍKUR, FRÆDLUSJÓÐIR & GERUMBETUR.IS

“NIE ZAPOMINAJMY O OKAZJACH DO RADOŚCI” SPOTKANIE TOWARZYSKIE DLA GRINDAWICZAN W REYKJANESBÆ

- Inspiracja
- zabierzcie ze sobą dzieci
- Pizza
- Zapraszamy wszystkich grindawiczian!

🕒 ŚRODA, 10. APRYL
CZAS OD 18:00 DO 19:00

📍 MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR Á SUÐURNESJUM (MSS),
KROSSMÓA 4, REYKJANESBÆ





Förum fullir sjálfstrausts inn í leikina

Elías Bjarki Pálsson hefur komið sterkur inn í körfuknattleikslíð meistaraflokks Njarðvíkur á þessu tímabili og bíður spennur eftir að taka þátt í úrslitakeppni Subway-deildarinnar sem hefst í þessari viku.

„Djöfull er ég spennur,“ segir Elías Bjarki um úrslitakeppnina sem er að hefjast í Subway-deild karla í körfuknattleik. „Þetta leggst mjög vel í mig. Ég er orðinn frekar spennur að taka þátt í fyrsta „playoffs“-ínu mínu.“

Þetta er fyrsta úrslitakeppnin sem Elías Bjarki tekur þátt í og jafnframt sú síðasta í bili því hann heldur til Bandaríkjanna í nám síðsumars og þá hefst nýr kafli á hans ferli með Augusta-háskólanum í Georgíu.

„Þess vegna verðum við að gera þetta svolítið „worth it,“ segir hann. Við stefnum að sjálfsgöðu á að koma með titilinn heim.

Þannig að þú klárar þetta tímabil og ferð svo út.

„Já, klára tímabilið og svo er það Augusta Georgia maður. Ég er orðinn mjög spennur fyrir því, það verður skemmtilegt verkefni til að taka fyrir næst. Ég ætla í viðskipta- og markaðsfræði samhliða því að spila körfubolta.“



Aftari röð: Kristinn, bróðir Elíasar, Páll Kristinsson, pabbi þeirra, og Elías. Fyrir framan þá eru þær Pálína Heiða Gunnarsdóttir, mamma bræðranna, og Elsa Lind, systir þeirra.

Það hefur alltaf verið draumurinn minn að komast í atvinnumennskuna, jafnvel A-landsliðið ef maður verður svo heppinn ...



Bræðurnir Kristinn og Elías Pálssonir fyrir leik Vals og Njarðvíkur í Subway-deildinni fyrir á þessu tímabili.

ÍDRÓTTIR

Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is



Hvert stefniðu svo eftir það?

„Það er mjög erfitt að segja. Auðvitað reynir maður að stefna sem lengst, gera sitt besta og reyna að komast í atvinnumennsku. Það hefur alltaf verið draumurinn minn að komast í atvinnumennskuna, jafnvel A-landsliðið ef maður verður svo heppinn.“

Þið byrjið að spila í vikunni.

„Já, við byrjum á morgun [viðtalið er tekið á þriðjudegi].“

Fengum Þór Þorlákshöfn í fyrstu umferð, sem var mjög gott því ég vildi ekki fara á Krókinn aftur. Við erum búnir að tapa þar í annarri umferð tvö ár í röð, þannig að ég var ekki alveg til í það aftur.“

Þórsarar eru samt ekkert allt óauðveldir alltaf.

„Nei en eins og ég segi þá pössum við vel á móti þeim. Við erum með menn sem geta dekkjað þeirra menn og förum að sjálfsgöðu fullir sjálfstrausts inn í leikina – ef maður gerir það ekki þá tapar maður bara,“ segir þessi efnilegi leikmaður að lokum.

Ógeðslega ofvirkur

„Sko, ég var ógeðslega ofvirkur sem barn og var bara sendur í allskonar. Ég var að æfa ballett, sund, fótbolta, dans – það var bara allur pakkinn á sínum tíma,“ segir hann hlæjandi. „Það var reynt að keyra krakkann út svo það væri hægt að koma honum í svefninn.“

Svo hefur þú í lengst í körfunni, var það bara eðlilegt val?

„Já, það var eins og það væri ekkert val. Ég væri bara fastur í körfunni – en ég var mjög lélegur í körfu, hafði engan áhuga. Síðan kviknaði áhuginn við að spila á móti Róberti [Sean Birmingham]. Þá fór ég að taka mig á, aðallega til að keppast við hann. Við erum jafnaldrar og spilum saman upp yngri flokkana.“



ALLTAF TILBÚINN AÐ HJÁLPA Elías að hjálpa til við að slá niður tjalðhæl. Skömmu síðar var hann búinn að slá sjálfan sig í andlit með hamrinum.

AÐALFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS NJARÐVÍKUR 2024

ÞRIÐJUDAGUR 23. APRÍL KL. 20:00

FUNDURINN FER FRAM Í NJARÐVÍKURSKÓLA ÞAR SEM BOÐIÐ VERÐUR UPP Á VEGLEGAR KAFFIVEITINGAR Í TILFNI AF 80 ÁRA AFMÆLI

FÉLAGSINS

80

HVETJUM FÉLAGSMENN TIL AÐ FJÖLMENNA



UMFN

STOFNAÐ 1944

TVEIR JÚNÆTIT KAPPAR BERJAST

Ekki eru taldar miklar líkur á að Issi sé búinn eða muni leggja inn umsókn á einkaleyfi fyrir tippkerfið sem hann fann upp, Stafrófskerfið. Spennan í tippkerfið Vikurfrétta náði sögulegu lágmarki um helgina, allir voru vissir um sigur Issa eftir digurbarkalegar yfirlýsingar hans um þetta tippkerfi sem hann telur sig hafa fundið upp. Skemmst frá því að segja að Maggi Tóka hélt velli, vann 7-6 og er Issa hér með þakkað fyrir aldeilis frábæra innkomu!

Sjö tipparar, enginn frá Íslandi, náldu sér í tæpar tólf milljónir fyrir að ná þrettán réttum, enginn þeirra kom frá Íslandi. Af 200 getspókum sem náðu tólf réttum var einungis einn Íslendingur, hann og hinir 199 fengu rúmar 155 þúsund krónur í sinn vasa.

Áskorandi vikunnar er fyrrum lögreglumaðurinn úr Keflavík, Einar Helgi Aðalbjörnsson. Hann var mjög virkur í tippinu hér áður fyrr og er ánægður með að fá að spreyta sig og ætla sér ekkert annað en sigur gegn öðrum United-manni en Einar er gallharður stuðningsmaður Manchester United. Hann var með sínar skoðanir á stórleik félaganna á sunnudaginn.

„Ég lít á þetta sem tvö töpuð stig frekar en eitt unnið, við vorum rændir sigrinum. Ég skil ekki þetta

VAR-kjaftæði! Hvernig stóð á því að VAR skoðaði ekki vítaspyrnudóminn? Liverpool-leikmaðurinn byrjaði að láta sig detta út af engri snertingu og bjó svo til hina snertinguna. Ef VAR hefði skoðað þetta hefði Pool-arinn væntanlega fengið gult spjald fyrir leikaraskap og United hefði landað öruggum sigri en svona er þetta stundum.

Ég og Gummi Sighvats áttum að sjá um getraunir hjá fótboltanum í Njarðvík í denn. Mest spennandi helgi í getrauninum var þegar við gleymdum að skila bunkanum. Að fara yfir alla seðlana og þakka fyrir að enginn vinningur kom var mikill léttir.

Ég tippaði bæði á Hringbrautinni og líka hjá Golfklúbbi Suðurnesja, er að vona að félögin hér í Reykjaneshæ bjóði upp á þessa þjónustu á Brons veitingastaðnum, ég sé alveg fyrir mér að hægt sé að mynda góða stemmningu þar.

Mér list vel á að mæta öðrum United-manni, Maggi Tóka heldur enn velli en ég ætla mér náttúrulega ekkert annað en sigur í þessum leik,“ sagði Einar Helgi.

Sigurinn á Issa kom stallhafanum Magga Tóka ekki á óvart en hann bíður ennþá eftir raðvinsflöskunni frá Issa.

„Ég skellti upp úr þegar ég sá það sem Issi lét hafa eftir sér, vissi í raun bara strax þá að ég myndi vinna hann. Ég er búinn að tippa í

1X2 „PRUMAD Á PRETTÁN“



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is

„töttögu og fimm ár“ og hef aldrei heyrt aðra eins vitleysu, að tippa eftir stafrófskerfi. Auðvitað hefði verið skemmtilegra að vinna með meira sannfærandi hætti en sigur er sigur, ég bíð spennur eftir raðvinsflöskunni frá Issa. Ætli ég kiki ekki við hjá honum á Fish & Chips á Fitjum, kannski bíður hann mín þar með flöskuna,“ sagði Maggi.



Magnús	Seðill helgarinnar	Einar
<input type="checkbox"/>	Bournemouth - Man.Utd.	<input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Brentford - Sheff.Utd.	<input checked="" type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	Burnley - Brighton	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Nott.Forest - Wolves	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Birmingham - Coventry	<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	Bristol City - Huddersfield	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Hull - Q.P.R.	<input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Ipswich - Middlesbro	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Millwall - Cardiff	<input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/>	Preston - Norwich	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Sheff.Wed. - Stoke	<input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	Southampton - Watford	<input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/>	W.B.A. - Sunderland	<input checked="" type="checkbox"/>



Þrjár þrennur í tólf marka sigri Hafna í fyrstu umferð Mjólkurbikarsins

Það má segja að knattspyrnuvertíðin hafi formlega hafist um helgina þegar fyrsta umferð í Mjólkurbikar karla var leikin. Fimm Suðurnesjalið léku í umferðinni; Víðir, Reynir, Þróttur, RB og Hafnir, og komust þrjú þeirra í næstu umferð. Víðir, RB og Hafnir unnu sína leiki en Reynir og Þróttur eru úr leik.

Þrjú Hafnismenn skoruðu þrennu í fyrstu umferð; Max William Leitch, Jón Arnór Sverrisson (á mynd) og Ægir Þór Víðarsson. Bræðurnir Anton Freyr Hauks Guðlaugsson og Gunnólfur Björgvin Guðlaugsson skoruðu þau þrjú sem upp á vantar, Anton tvö og Gunnólfur eitt.

Úrslit fyrstu umferðar:

Hafnir - KM 12-0
Midas - RB 1-3
Víðir - Sindri 2-1
KG - Reynir 5-1
Þróttur - KÁ 1-3

Önnur umferð:

Víkingur Ó. - Keflavík (10/4)
Hvítir riddarinn - Grindavík (12/4)
Hafnir - Úlfarnir (12/4)
Grótta - Njarðvík (13/4)
KÁ - RB (13/4)
KFK - Víðir (14/4)

Meðmælasöfnun er hafin!



Smelltu á kóðann til að veita Sigríði Hrund meðmæli.

#fruforseti

www.sigridurhrund.is

Fylgdu Sigríði Hrund á samfélagsmiðlum @fruforseti



VÍKUR fréttir

Öll tölublöð Vikurfrétta frá 1980 og til dagsins í dag eru aðgengileg á timarit.is

Störf í boði hjá Reykjaneshæ

Akurskóli - Forstöðumaður frístundaskóla

Akurskóli - Proskapjálfi

Akurskóli - Taler du dansk?

Heiðarskóli - Skólastjóri

Velferðarsvið - Skrifstofu og þjónustufulltrúi

Velferðarsvið - Starfsfólk á heimili fatlaðra barna

Velferðarsvið - Þjónustufulltrúi húsnæðismála

Velferðarsvið - Heima- og stuðningsþjónusta, sumarafleysingar

Viltu starfa hjá Reykjaneshæ? Almenn umsókn

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjaneshæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS



JAFNLAUNAVOTTUN
2023 - 2026



Skemmtileg störf í Dósaseli

Tvo umsjónarmenn vantar til starfa í Dósaseli frá miðjum maí og fram í miðjan ágúst í sumar.

Annar þarf að vera með lyftarapróf og sjá um reksturinn. Hinn þarf að hafa bílpróf og sjá um að sækja flöskur í flugstöðina.

Allar upplýsingar hjá Ingu Jónu í Dósaseli í síma 861-2208 eða á staðnum.

DÓSASEL



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ÁSLAUG HILMARSDÓTTIR,
Aðalgötu 5, Keflavík,
áður til heimilis að Smáratúni 40,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 2. apríl.

Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Fyrir hönd aðstandenda
Hrefna Þ. Bibí Traustadóttir
Sigríður Bára Traustadóttir

Sameiningartákn þjóðarinnar

Það kom flestum á óvart um áramótin þegar sitjandi forseti tilkynnti að hann myndi ekki bjóða sig fram til áframhaldandi setu sem forseti lýðveldisins. Fannst nóg komið og vildi snúa sér að öðru, kannski einhverju skemmtilegra. Það var eins og við manninn mælt að skyndilega fór fjöldi manns að fá áskoranir um að bjóða sig fram til þessa æðsta sameiningartákn þjóðarinnar. Síðast þegar ég taldi voru hugsanlegir frambjóðendur orðnir sjötíuogfimm og þjóðin klofin í jafn marga parta.

Það er umhugsunarefni hvernig á því stendur að slíkur fjöldi fólks

skuli stíga fram og telja sig eiga möguleika á hljóta þetta virðingarmikla starf. En miði er möguleiki eins og happdrættin auglýsa. Möguleikinn á að ná útnefningu er í raun ótrúlega hár, frambjóðandi þarf ekki ekki nema eitt þúsund og fimm hundruð meðmælendur og gæti þess vegna orðið forseti Íslands með nokkur prósent atkvæða þjóðarinnar á bak við sig. Þannig er þetta vegna þess að við sem þjóð höfum vanrækt að uppfæra það forrit sem ætlað er að byggja hér upp sanngjarnt og réttlátt þjóðfélag. Sjálfa Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Það er ekki þannig að ekki hafi verið margt kallað eftir breytingum á stjórnarskránni en allar markverðar breytingar hafa verið stöðvaðar í meðförum Alþingis. Slíkar breytingar sem verið gætu í þágu fólksins í landinu virðast ekki henta hagsmunum stjórn-málaflukkanna í landinu.

Umgjörðin í kringum forseta-kosningarnar nú sýna okkur að breytinga er þörf. Að stjórnarskránni verði breytt og uppfærð í átt að lýðræðislegum þörfum, og hætt að styðjast við stjórnarskrá konungsveldisins Danmerkur. Það væri góð breyting að breyta meðmælendafjöldanum og enn

LOKAORD



HANNESAR FRÍÐRIKSSONAR

betri breyting að hafa hér tvöfalda kosningu til embættis forseta þjóðarinnar, þannig að ljóst væri að forsetinn nyti ávallt stuðnings meirihluta þjóðarinnar. Þannig yrði hann fyrst óumdeilanlega sameiningartákn þjóðarinnar.



Mundi

Er nafn á nýtt sameinað sveitarfélag Suðurnesjavogareykjabæ ekki tilvalið?

Hólmfríður er nýr leikskólastjóri Holt

Nýr leikskólastjóri tók nýlega við stjórninni á leikskólanum Holti í Innri-Njarðvík. Hólmfríður Jennýjar Árnadóttir tók við lykjavöldum af fráfarandi leikskólastjóra Maríu Petrínu Berg sem var nýlega ráðinn sem leikskólastjóri á nýjum leikskóla, Drekaðal, sem er einnig í Innri-Njarðvík.

María Petrína sagði að það væri mikil fengur að fá Hólmfríði til starfa og að leikskólinn Holt muni vera áfram í góðum höndum.



Hólmfríður Jennýjar Árnadóttir tók við lykjavöldum fráfarandi leikskólastjóra Maríu Petrínu Berg.



Unnið er að því að styrkja varnargarða norðan byggðarinnar í Grindavík þessa dagana. Myndina tók Ísak Finnbogason, ljósmyndari Víkurfréttu, á mánudaginn.

Hefja kaup eigna í Grindavík í þessari viku

Fasteignafélagið Þórkatla mun hefja kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík í þessari viku en 644 umsóknir hafa þegar borist félaginu. Markmið félagsins er að klára afgreiðslu þorra þeirra umsókna sem þegar hafa borist með kaupsamningum í þessum mánuði. Enn er þó ekki hægt að tímasetja kaup einstakra eigna. Hluti umsókna mun þarfnast sérstakrar skoðunar og mun afgreiðsla þeirra taka lengri tíma. Hægt verður að sækja um að selja Þórkötlun eignir út þetta ár.

Verkefnið í heild sinni er frábrugðið hefðbundnum fasteignaviðskiptum að því leyti að það hefur kallað á gerð samkomulags um eftirgjöf á sjálfsskuldarábyrgð lántaka við átján lán-

veitendur, sem er forsenda fyrir kaupum félagsins. Í ljósi umfangsins hefur frá upphafi verið miðað við að kaupin fari fram í stafrænu ferli, þ.m.t. undirritun og þinglýsing kaupsamninga.

Í heildina er um að ræða tugmilljarða fjárfestingu sem Þórkatla fasteignafélag annast fyrir hönd stjórnvalda. Þetta mikla umfang hefur kallað á talsverðan undirbúning og þróun verkferla við frágang kauptilboða, þinglýsingar og útborgunar til seljenda, svo dæmi séu tekin.

„Við leggjum áherslu á að vinna þetta hratt til draga úr óvissu þeirra sem eiga fasteignir í bænum og þurfa að finna sér annað framtíðarhúsnæði. Þá

leggjum við áherslu á að eiga samstarf um mögulega leigu og eftir atvikum afnot eða aðgengi að húsnæðinu eftir að kaupin ganga í gegn. Við viljum afgreiða öll mál eins skjótt og kostur er og munum bregðast við öllum þeim mörgu fyrirspurnum og tölvupóstum sem okkur hafa borist,“ segir Örn Viðar Skúlason, framkvæmdastjóri Þórkötlun.

Áhugaverð störf í Gerðaskóla

Nánari upplýsingar á heimasíðu sveitarfélagsins.



SUÐURNESJABÆR



Íbúafundur um sameiningu Reykjanesbæjar, Voga og Suðurnesjabæjar

Íbúafundur um sameiningu sveitarfélaganna Voga, Suðurnesjabæjar og Reykjanesbæjar verða haldnir í upphafi næstu viku. Verkefnishópur um óformlegar sameiningarviðræður þessara sveitarfélaga boðar til íbúafundanna í því skyni að eiga samráð við íbúa varðandi mögulegar sameiningarviðræður sveitarfélaganna, m.a. til þess að fá fram framtíðarsýn íbúa.

Fyrstu fundurinn verður í Tjarnarsal í Vogum mánudaginn 15. apríl kl. 20. Annar fundur verður á þriðjudag í Samkomuhúsinu í Sandgerði og sá þriðji í Hljómahöll í Reykjanesbæ á miðvikudag. Allir fundirnir hefjast kl. 20.

Íbúar geta einnig tekið þátt í fundunum í gegnum fjarfundakerfi (Teams) en tenglar á fundina og frekari upplýsingar verða birtar á vefsvæðum og Facebook-síðum sveitarfélaganna.

„Markmið verkefnahópsins er að draga saman helstu forsendur og gögn sem eru talin geta gert sveitarstjórn þessara þriggja sveitarfélaganna kleift að taka ákvörðun um hvort hefja eigi formlegar viðræður um sameining,“ segir Gunnar Axel Axelsson bæjarstjóri í Sveitarfélaginu Vogum og formaður verkefnahóps um könnunarviðræður um sameiningu á Suðurnesjum.

Gunnar segir að það sé margt undir í þeirri skoðun, meðal annars fjárhagsleg sjónarmið sem kalla á greiningu á því hvernig fjárhagur nýs sameinaðs sveitarfélags myndi líta út. Svo eru það sameiginleg hagsmunamál. Eitt af verkefnum hópsins sé að skilgreina sameiginlega lykilhagsmuni og framtíðarsýn.

„Hópnun er m.a. ætlað að skoða hvort að með sameiningu verði til öflugri eining sem þjóni hagsmunum íbúanna betur en þær gera í sitthvoru lagi. Ég held að flestir líti svo á að ef til sameiningar kæmi þá þyrfti útkoman að vera skýr samlegð í rekstri og sá ábáti þarf auðvitað að skila sér til íbúanna, t.d. í formi meiri og betri þjónustu.“

Síðast en ekki síst er það verkefni okkar að greina væntingar íbúanna og heyra hvaða málefni það eru sem helst brenna á þeim. Það yrði alltaf í þeirra höndum að taka hina endanlegu ákvörðun ef ákveðið verður að fara í formlegar viðræður og því er mikilvægt að kalla eftir og hlusta vel á þeirra raddir. Því vonumst við til þess að það verði góð þátttaka í íbúafundunum,“ sagði bæjarstjóriinn í Vogum en frumkvæðið að viðræðum kom upphaflega frá Vogamönnum.

